

## GJALDSKRÁ

### fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi.

1. gr.  
*Heimild.*

Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum og 10. gr. reglugerðar nr. 737/2003, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Hún er í samræmi við samþykkt nr. 575/2013 um meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi. Gjöldin innheimtast með álögðum fasteignagjöldum ár hvert.

2. gr.  
*Sorphirðugjald.*

Sorphirðugjald er lagt á hverja íbúð í sveitarfélagit samkvæmt eftirfarandi álagsgrunni. Sorphirðugjaldið er samsett af kostnaði við hirðingu grátunnu og blátunnu. Sorptunnur eru staðsettar þar sem því er við komið, við hús eða stærri tunnur í ákveðnum íbúðarhverfum þar sem fleiri en ein íbúð sameinast um tunnuna. Sveitarfélagið sér um sorphirðu frá íbúðum. Heimilt er atvinnurekendum að semja sérstaklega við verktaka hreppsins um losun á iðnaðarárgangi skv. ákveðnu skipulagi sem verktaki og forsvarsmeðal sveitarfélagsins móta.

Sorphirðugjöld:	Íbúðarhús:	Grátunna kr. 15.000	Blátunna kr. 13.800
-----------------	------------	------------------------	------------------------

3. gr.  
*Sorpeyðingargjald.*

Sorpeyðingargjald er lagt á hverja íbúð, sumarbústað og atvinnuhúsnæði í sveitarfélagit.

Sorpeyðingargjöld:	Íbúðarhúsnæði Sumarbústaðir Atvinnuhúsnæði	kr. 21.500 kr. 20.400 kr. 52.500
--------------------	--	--

Sérstakt aukasorpgjald er innheimt vegna gámaðalla, grófurðunar og endurvinnslu. Kostnaði vegna gámaðalla er jafnað niður á atvinnurekendur í sveitarfélagit skv. magntölum frá verktaka sorphirðu og gámasvæðis. Aukasorpgjaldið er í eftirfarandi flokkum eftir magni sem kemur frá hverjum atvinnurekenda:

a. flokkur	kr. 40.100
b. flokkur	kr. 79.900
c. flokkur	kr. 119.700
d. flokkur	kr. 199.200
e. flokkur	kr. 265.100
f. flokkur	kr. 399.000
g. flokkur	kr. 532.900
h. flokkur	kr. 666.182
i. flokkur	kr. 799.400

4. gr.  
*Leiga á sorpilátum.*

Hrunamannahreppi er heimilt að leigja til bændabýla og fyrirækja ílát fyrir blátunnu eða heila gáma fyrir heyplast, pappír eða almennan fyrirtækjaúrgang. Hrunamannahreppur sér um að koma ílátunum til notenda. Innifalið í leigu blátunnukara er losun þeirra á reglulegum dögum blátunnuhirðingar ef starfsemin er á sama hirðingarstað og blátunnur við íbúðarhús. Leigutakar þurfa sjálfir að sjá um tæmingu ílátu eða semja um það sérstaklega við verktaka hreppsins ef um heila gáma er að ræða.

Nr. 1186

7. desember 2018

660 l blátunnukar	kr.	1.600 á mánuði
1.100 l blátunnukar	kr.	2.800 á mánuði
Meðalstór gámur	kr.	12.600 á mánuði
Gámur fyrir heyplast	kr.	63.300 á ári

5. gr.

*Samþykki og staðfesting.*

Gjaldskrá þessi var samþykkt af umhverfisnefnd Hrunamannahrepps þann 30. október 2018 og af sveitarstjórn Hrunamannahrepps 5. nóvember 2018 og staðfest af heilbrigðisnefnd Suðurlands 5. desember 2018. Gjaldskráin tekur gildi frá og með birtingu hennar í B-deild Stjórnartíðinda og frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá fyrir meðhöndlun úrgangs í Hrunamannahreppi nr. 1229/2017.

*Hrunamannahreppi, 7. desember 2018.*

**Jón G. Valgeirsson** sveitarstjóri.

---

B-deild – Útgáfud.: 20. desember 2018